

Mál nr. 355/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar launþega.****Líkamstjón við störf í strætisvagni 24. september 2013.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.11.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 20. nóvember 2013 kemur fram að hún hafi verið stödd í strætisvagni við vinnu sína og hafi verið að huga að því að börn, sem M vann við að gæta, væru örugg í sætum sínum þegar strætisvagninn færi af stað. Hún lýsir atvikum þannig að hún hafi fengið hnykk á öxl þegar hún var að koma börnunum fyrir. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 7. nóvember 2013 kemur fram M hafi verið að lyfta þungu og fyndi fyrir verk í hægri handlegg. Í áverkavottorði dags. 25. nóvember 2013 er einnig haft eftir M, þegar hún kom á slysadeild, að hún hafi verið að lyfta þungu og fengið verki í hægri öxl. Í málskoti er haft eftir M að hún hafi verið að lyfta dreng sem var þungur m.v. aldur og farþegi strætisvagnsins hafi rekist lítillaga í hana.

M telur að líkamstjón hennar megi rekja til skyndilegs og utankomandi atburðar í skilningi þeirrar skilgreiningar sem er á orðinu slys í vátryggingarskilmálum V. Það verði að taka skýringu M í málskoti til greina þar sem henni hafi ekki verið ljóst í fyrri lýsingum sínum á tjónsatvikinu hversu mikilvægt það færi að greina frá þeim utanaðkomandi atburði sem leiddi til tjóns hennar. Einnig vísar M til þess að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt bótaskyldu úr slysaftryggingum almannatrygginga vegna sama atburðar.

V telur að leggja verði til grundvallar frásögn M af atvikum í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem og þá lýsingu sem höfð er eftir henni í læknisfræðilegum gögnum. Af þeim gögnum megi draga þá ályktun að M hafi verið að lyfta þungu þegar hún fékk verk í handlegg eða öxl en ekki sé sannað að utanaðkomandi atburður hafi orsakað þann verk.

Álit.

Í málinu liggja fyrir lýsingar á atvikum í gögnum frá því nóvember 2013, vegna atvika sem áttu sér stað 24. september sama ár. Í þeim lýsingum kemur ekkert fram um að líkamstjón M megi rekja til þess að einhvers konar utanaðkomandi atburður hafi átt þátt í því að hún fór að finna fyrir líkamlegum óþægindum, heldur er fyrst og fremst vísað til þess að hún hafi verið að lyfta þungu eða hnykkur hafi komið á öxl, án frekari skýringa. Síðari tíma lýsingar á atvikum sem hafðar eru eftir M í málskoti fela ekki í sér nægilega skýra eða afgerandi sönnun um að sá utanaðkomandi atburður sem þar er lýst hafi orsakað líkamstjón M heldur verður að leggja til grundvallar að það verði rakið til innra ástands í líkama hennar en ekki utanaðkomandi atburðar. Eru því hugtaksskilyrði skilgreiningar á orðinu slys í vátryggingarskilmálum V ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.